

# HEIMA FLOKKUN

SKAFTÁRHREPPUR 02.2020

## Í HNOTSKURN

Allan úrgang á heimilum er hægt að flokka. Gott er að hafa 11 flokka heimavið: pappír og pappi, plast, skilagjaldsskyldar umbúðir, lífrænn úrgangur, málmar, gler, textill, raftæki, kerti, spilliefni og annað. Úrgangur er ekki rusl nema hann sé óflokkaður.

## PAPPÍR OG PAPPI

Í þennan flokk fer allur bylgjupappi, sléttur pappi og pappír. Þar með talið eru fernur, bréfpokar, gjafapokar, sandpappír, klósettpappírshólkar, dagblöð, tímarit, kvittanir ofl. Hafa skal í huga að allur pappír verður að vera hreinn og þurr.



## SKILAGJALDSKYLDAR UMBÚÐIR

Skilagjald hefur verið á drykkjarvöruumbúðum frá árinu 1989 og er eina umbunarkerfi sem sett hefur verið upp á Íslandi fyrir endurvinnslu. Greiddar eru 16 kr fyrir hvert ílát en þær þurfa að vera heilar og ókrumpaðar.



## MÁLMAR

Allir málmar skulu fara saman, þar með talið álpappír, álbakkar, lok af krukum, filmur af jógúrdósum, tappar af glerflöskum, niðursuðudósir, sprittkertakoppar ofl. Það er mikill umhverfissparnaður sem felst í endurvinnslu málma.

## PLAST

Í þennan flokk fer allt plast, þ.e. plastpokar, plastbrúsar, skyrdósir og -skeiðar, plastumbúðir, plastbakkar, tannburstar, leikföng, uppþvottahanskar, latex hanskar, plöstuð blöð, svampar, frauðplast, pokar innan úr léttvínkösum ofl. Hafa skal í huga að fjarlægja rafhlöður úr leikföngum, málma frá skyrdósum og skola lífrænan úrgang af plastinu.



## LÍFRÆNN ÚRGANGUR

Allar matarleifar geta farið í þennan flokk en einnig pappírspurrkur, visnuð blóm, sag, garðaúrgangur, niðurrifin dagblöð ofl. Hinsvegar skal gera ráðstafanir ef jarðgera á kjötafganga og fisk (sjá leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um heimajarðgerð: [www.ust.is](http://www.ust.is)). Passa skal að setja ekki ösku, sígarettustubba, ryksugupoka eða skaðleg efni með lífræna úrganginum.

# GÁMAVÖLLUR

RESOURCE INTERNATIONAL EHF.



## STEINEFNI OG GLER

Gler er að mestu leyti gert úr sandi. Þessvegna er því safnað með steinefnum, postulíni, kattasandi, steypu, flísum ofl.

## TIMBUR

Mikilvægt er að halda máluðu og plasthúðuðu timbri frá ólituðu timbri. Ástæðan fyrir þessu er að ólitað timbur er hráefni sem má í húsgögn og mylja í moltu. Litað og plasthúðað timbur hinsvegar, er einungis hægt að brenna eða urða.



## TEXTÍLL OG KERTI

Rauði krossinn er með litla gáma fyrir textíl. Þar má setja föt, sængurver, púða, skó, töskur, tuskur og moppur ofl. Kertaafganga er auðvelt að endurnýta, þá þarf einungis að bræða þá og setja nýjan kveik. Móttaka kertaafganga er á næstu endurvinnslustöð.

## RAFTÆKI OG SPILLIEFNI

Það er mjög mikilvægt að þessi efni fari ekki í blandaðan úrgang. Dæmi um raftæki eru símar, fjarstýringar, snúrur, rafstýrð leikföng ofl. Sum fyrirtæki greiða fyrir ónýt raftæki.

Dæmi um spilliefni eru rafflöður, ljósaperur, lyf, lyfjaspjöld, málning, þvottaefni, naglalakk, snyrtivörur, þrýstibrúsar (rjóma, hárlakk ofl.). Öllum þessum efnum skal skila á næstu endurvinnslustöð og þar að auki taka apótek við lyfjum og lyfjaspjöldum.



## ANNAÐ

Ertu í vafa um sumt? Gott er að setja hluti sem þú ert í vafa um saman, kíkja á netið, taka umræðuna og biðja um aðstoð við að flokka næst þegar farið er á endurvinnslustöð. Bleyjur og ryksugupokar eru algengir einnota hlutir sem eiga sér engan annan farveg og skal setja í blandaðan úrgang.

# FORGANGSRÖÐUN

RESOURCE INTERNATIONAL EHF.

## Í HNOTSKURN

Það eru til margar leiðir til þess að draga úr úrgangi



## AFÞAKKA

Gott er að byrja á að afþakka einnota vörur og minnka innkaup, sérstaklega það sem vitað er að mun ekki nýtast eða er óþarfi. Varast að falla í afsláttargryfjuna.



## VELJA HVADÁ VÖRUR ÞÚ KAUPIR

Það eru ýmsar leiðir til að draga úr úrgangsmyndun. Kaupa vörur án umbúða. Ef þú elskar te er gott að skipta úr pokum í franska pressu. Ef þú skrífur mikið er hægt að finna áfyllanlega penna. Hægt er að nota tauserviðtur í stað þeirra úr pappír. Kaupa snyrtivörur án umbúða. Frysta mat áður en hann fer til spillis ofl.



## GERA VIÐ

Það er gott að hafa í huga hvort það sé hægt að gera við eða breyta notkun á hlut til að koma í veg fyrir að honum verði hent út. Gera við flík eða breyta henni í tusku. Gera við raftækin og nota afgangstímur í ýmist föndur ofl.



## ENDURNOTA

Krukkur eru góð ílát og nestisbox eru ekki ónýt þó þau hafi gleymst í einhvern tíma. Mörgum hlutum er hent vegna þess að þeir eru skítugir. Hreinsa, gera við og gefa áfram.



Skaftárhreppur  
s: 487 4840  
[www.klaustur.is](http://www.klaustur.is)

## NOTAÐU DEILIHAGKERFIÐ ÞITT

Mundu eftir bókasafninu, athugaðu nytjamarkað áður en þú kaupir nýtt, athugaðu hvort vinir eða nágrannar eiga það sem þig vantar, fáðu lánað, athugaðu sölusíður Klausturs og ef það vantar vettvang til að deila, stofnaðu hann.